



Tvísöngur á Seyðisfirði

Sunnudaginn 6. júlí fer fram tvísöngshátíð á Seyðisfirði. Hátíðin fer fram við samnefnt listaverk eftir Lukas Kühne frá árinu 2012. Um er að ræða útskúlptúr úr steypu sem staðsettur er í Þófunum rétt ofan við Seyðisfjörð. Verkið er eins konar náttúrulegur tvísöngsmagnari sem magnar upp raddir þeirra sem syngja. Fjórar mismunandi hvelingar eru ætlaðar þremur mismunandi tvísöngstönum. Hátíðin er partur af sumarsýningu Skaftfells sem nefnist RóRó. Þar er að finna verk eftir 31 listamann sem tengjast Seyðisfirði og Skaftfelli sterkum böndum en fjöldi listamanna kemur þangað ár hvert til að vinna að verkum sínum.



Ljósaskipti í Listasafni Íslands

Sýningin í ljósaskiptunum verður opnuð laugardaginn 5. júlí í Listasafni Íslands. Viðfangsefni hennar er, líkt og nafnið gefur til kynna, stefnumót dags og nætur. Þegar birta mætir nóttinni og öfugt. Í fréttatilkynningu frá safninu segir: „Listamenn allra alda hafa laðast að og unnið með hið dulgagnaða bil er birtuskil, veðrabrigði og fasaskipti lands eru sem örust. En ljósaskiptin hafa einnig áhrif á aðrar verur en mannfólkið og móður náttúru.“ Á sýningunni má sjá verk eftir Ásgrím Jónsson, Ásgerði Búadóttur, Doddu Maggý, Gerði Helgadóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Gunnlaug Scheving, Jón Stefánsson, Sigurð Árna Sigurðsson, Spessa (Sigurpór Hallbjörnsson), Svavar Guðnason og Þórarín B. Þorláksson. Verkin eru í eigu safnsins og spanna tímabil frá 1900 til 2013.

FÓRNAÐI ÖLLU FYRIR

■ Claus varð ástfanginn af staðnum ■ Skipuleggur ljósmyndasýningu

Ásgeir Jónsson
asgeir@dv.is



Þýski ljósmyndarinn Claus Sterneck gaf líf sitt í heimalandinu upp á bátinn fyrir Djúpavík á Ströndum. Claus las grein um Djúpavík árið 2003 og tveimur mánuðum síðar var hann mættur á staðinn. Djúpavík breytti Claus og frá árinu 2008 hefur hann búið allt árið á Íslandi út af ást sinni á staðnum. Hann eyðir sumrum sínum í Djúpavík og hjálpar til á hótelinu þar. Nú er þar uppi ljósmyndasýning eftir Claus og sjö aðra ljósmyndara þar sem viðfangsefnið er Ísland.

Las grein um Djúpavík

„Árið 2003 bjó ég í Þýskalandi. Kæran mín sýndi mér grein um Djúpavík og ég fann strax að ég varð að fara. Sjá þennan stað á hjara veraldar,“ segir hinn viðkunnalegi Claus þegar blaðamaður nær af honum tali. Claus er að sjálf-sögðu staddur í Djúpavík þar sem hann hjálpar til á Hótel Djúpavík. „Tveimur mánuðum seinna fór ég til Djúpavíkur og varð ástfanginn af staðnum. Ég hafði ekki áhuga á Geysi eða neinu öðru. Bara Djúpavík.“

Claus sneri aftur strax árið 2004 og varði jólnum á þessum afskekta stað með fjölskyldunni sem rekur hótelið. Þeim Evu Sigurbjörnsdóttur og Ásbirni Þorgilssyni og börnum en þau hófu hótelsrekstur á staðnum árið 1985. „Síðan árið 2006 varði ég sumrinu í Djúpavík og hjálpaði til á hótelinu. Nú eru komin níu sumur í röð þar sem ég hef gert það.“

Ber út póst í Reykjavík

Ást Claus á Djúpavík varð til þess að árið 2008 flutti hann endanlega til Íslands. „Núna bý ég í Reykjavík á veturna og vinn við að bera út póst. Ég ber út frá september og fram í maí og þá fer ég til Djúpavíkur.“

Þrátt fyrir að hafa dvalið á Íslandi árum saman hefur Claus varið tíma sínum í lítið annað en að sinna Djúpavík. Hann hefur ekki ferðast eins víða og hann langar til þar sem hann ber út póst á veturna og er í Djúpavík allt sumarið. „Ég hef aldrei komið upp á hálendi til dæmis. Í fyrra fór ég hringinn í fyrsta sinn. Mér líkaði mjög vel við norðausturhlutann. Þar er mikil kyrrð. Ég hef aldrei komið til Ísafjarðar heldur.“

Claus segir það oft koma sér á óvart þegar fullorðnir Íslendingar

eru að koma til Djúpavíkur í fyrsta sinn. „Mér fannst skrítið að fólk hafi ekki komið á alla staði á svona litlu landi. En eftir að hafa búið hérna í nokkurn tíma skil ég það núna.“

Sér sjálfan sig í sögu staðarins

Claus þekkir sögu Djúpavíkur vel og hann sér sjálfan sig í þessari sögu. „Árið 1935 var byggð hérna stór og fullkomin síldarverksmiðja. Fólki fannst það algjör klikkun að byggja slíka verksmiðju hér þegar það voru ekki einu sinni vegir á staðnum. En verksmiðjan gekk. Árið 1985 keypti fjölskyldan hérna húsið undir hótelsreksturinn og fólk fannst það klikkun þar sem enginn túrismi var á staðnum. En það gekk. Fólki fannst klikkun að ég gæfi líf mitt í Þýskalandi upp á bátinn til að koma hingað en ég gerði það og hér er ég enn. Þessi staður breytti lífi mínu. Fyrir mér er Djúpavík draumur og tákn um að trúa á eitthvað. Í raun það saman og þegar verksmiðjan var byggð og hótelið sett á laggimar.“

Claus var í góðu starfi hjá stóru símafyrirtæki í Þýskalandi áður en hann flutti til Íslands. Hann hafði það gott að eigin sögn en sér ekki eftir neinu. Ísland og Djúpavík hafa fært honum allt.

Fjölbjóða sýning

Sem fyrr sagði er Claus ljósmyndari og hann hefur verið duglegur við að mynda dvöl sína hér á landi. Claus heldur úti heimasíðunni claus-in-iceland.com og Facebook-síðunni facebook.com/claus.in.iceland en þar birtir hann eina mynd á hverjum degi frá lífinu í Djúpavík. Hinn 15. júní síðastliðinn var opnuð sýningin Steypa sem fer fram í gömlu síldarverksmiðjunni. Ásamt því að sýna verk sín heldur Claus utan um sýningarhald en sýningin er opin öllum og stendur til 31. ágúst.

„Viðfangsefni sýningarinnar er Ísland en öllum var frjálst að tækla það á sinn hátt. Sjálfur hef ég tekið myndir og umhverfishljóð og blandað því saman. Myndirnar lifna því við,“ segir Claus en ásamt honum sýna Melinda Kumbalek frá Bandaríkjunum, Sven Herdt frá Þýskalandi, Emilie Mørkeberg Dalum frá Danmörku, Jutta Wittmann frá Austurríki og Haukur Sigurðsson og María Kjartansdóttir frá Íslandi. Öll nálgast þau viðfangsefnið með fjölbreyttum og frumlegum hætti.

Nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á vef Hótel Djúpavíkur, www.djupavik.com/steypa. ■



Fjölbreytt nálgun Hér má sjá mynd af sýningunni eftir Emilie Mørkeberg Dalum frá Danmörku. Hún sameinar mynd og texta en sjálfur sameinar Claus myndir og hljóð.

Ekki alveg hamingjusöm til æviloka

Nicole Kidman leikur hollywood-stjörnuna Grace Kelly sem giftist prins

Sögulegar kvikmyndir taka sér allar eitthvert skáldaleyfi, en í tilfelli Grace of Monaco er gengið of langt. Í fréttatilkynningu frá konungsfjölskyldu Mónakó varðandi efni kvikmyndarinnar segja börn Grace Kelly frásögnina óþarflega skreytta og á köflum hreinlega ósanna. Sagan sem birtist áhorfendum á hvíta tjaldinu er ekki lífshlaups-mynd, eins og gera mætti ráð fyrir út frá markaðssetningu hennar. Handritshöfundurinn gæti öllu heldur hafa skoðað nokkrar ljósmyndir af prinsessunni og síðan skrifað sögu um þær.

Raunverulegt fréttæfni er notað í myndinni og opinber atvik endursköpuð, en þau síðan skreytt og kringumstæðum breytt í þeim tilgangi

Kvikmynd

Sigríður Regína
Sigurbórsdóttir



Grace of Monaco

★★★★★

IMDb 5.6 RottenTomatoes 10% Metacritic 21

Leikstjórn: Olivier Dahan
Aðalhlutverk: Nicole Kidman
Handrit: Arash Amel
103 mínútur

að byggja áhrifaríkan söguþráð. Þetta hefði kannski verið ómaksins vert ef það hefði virkað og upp sprottið áhugaverð ímynduð útgáfa af heimi þessarar merkilegu konu en hálfkákíð

dugar ekki og sagan er ósannfærandi.

Leikaraval í myndinni telur á tæpast vaði, en Nicole Kidman fer með hlutverk einnar skærustu stjörnu gullára Hollywood. Þrátt fyrir að hún komi sínu til skila og túlki ákveðna persónu vel er sú persóna ekki Grace Kelly. Meginástæða þess er sú að Kidman hefur afar sérstaka framkomu sem er henni einkennandi og því erfið að gleyma Kidman og sjá fyrir sér Kelly á tjaldinu. Það bætir lítið eitt úr að myndin ber stíl sem minnir á köflum á kvikmyndir gulláranna, en þetta dugar ekki til að skapa ímynd stórstjörunnar.

Af mörgu er að taka þegar kemur að ævi Grace Kelly en það var djarft val að taka fyrir einungis þetta stutta tímabil sem spannar umbreytingu



Nicole Kidman „Kidman hefur afar sérstaka framkomu sem er henni einkennandi og því erfið að gleyma Kidman og sjá fyrir sér Kelly á tjaldinu.“

hennar úr kvikmyndastjörnu í prinsessu Mónakó. Prinsessan þurfti sannarlega að snúa baki við ferli sínum og takast á við nýja áskorun, en eftir að hún giftist prinsinum Rainier voru jafnvel þær kvikmyndir sem hún hafði birst í bannaðar í Mónakó.

Í frásögninni hefði mátt takast á við sögu hennar af meiri sannfæringu og tækla hinar ýmsu hindranir sem á vegi hennar urðu. Þess í stað er sagan yfírgengilega melóðramatísk túlkun á persónu sem nálgast Grace Kelly en er einhvern veginn ekki alveg hún. ■